

Alþingi
Erindi nr. P 127/1960
komudagur 16.4.2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík 16. apríl 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Umhverfisstofnun. Til að veita þessa umsögn voru veittir tveir vinnudagar og mótmælir félagið harðlega slíkum vinnubrögðum. Það er ljóst að á þessum skamma tíma var ekki unnt að fjalla eins ítarlega um málið og nauðsyn krefur.

Undirbúningur og aðdragandi lagagerðar

FÍN telur að viðræður hefðu átt að eiga sér stað við stofnanir og nefndir sem frumvarpið tekur til og jafnvel aðrar stjórnsýslustofnanir umhverfisráðuneytisins er málefnið varðar. Í þeim umræðum hefði átt að fjalla um hvernig best sé að bæta stjórnsýsluna og m.a. hvort og hvernig sameina á þessar stofnanir til að ná fram markmiðinu um bættu stjórnsýslu innan náttúru- og umhverfisverndar. Á þennan eina hátt hefði verið hægt að tryggja fagleg vinnubrögð við lagagerð þessa. Sem dæmi um óvandaðan undirbúning við frumvarpsgerðina má benda á að rannsóknarstofa Hollustuverndar er skilin eftir í lausu lofti. Einnig fær félagið ekki betur séð en að faglegir og stjórnsýslulegir árekstrar kunni að verða innan hinnar nýju stofnunar t.d. þar sem Náttúruvernd ríkisins veitir skv. lögum umsagnir um ýmis málefni sem heyra nú undir Hollustuvernd s.s veitingar starfsleyfa.

Af þessari ástæðu leggur félagið til að frumvarpinu verði vísað til frekari vinnslu eigi að verða af sameiningu stofnana og nefnda sem leiði til bættrar stjórnsýslu innan náttúru- og umhverfisverndar.

Hvorki í athugasemdum með frumvarpinu né í frumvarpinu sjálfu eru forsendur fyrir þeirri fullyrðingu fjármála- og umhverfisráðuneyta að sameiningin leiði ekki til aukins kostnaðar. Að þessu leyti er umsögn ráðuneytanna órökstudd. Miðað við núverandi ástand í umhverfis- og náttúruverndarmálum mætti ætla að verulegt fjármagn þyrfti til að auka faglega vinnu og skilvirkni innan þessa málaflokks og má í því sambandi benda á að veruleg aukning verkefna hefur verið í málaflokki undanfarin ár, vegna alþjóðlegra skuldbindinga, umsvifa innanlands og lagabreytinga svo sem um mat á umhverfisáhrifum.

Félagið telur einnig að kostnaður við biðlaun sé verulega vanátlaður.


Staða starfsmanna


Félag íslenskra náttúrufræðinga vekur athygli á að ekki er fjallað um hver staða núverandi starfsmanna Hollustuverndar, Náttúruverndar, Veidistjóra, Dýraverndarráðs og Heindýraráðs verður við þessa breytingu. FÍN telur að skýra þurfi rétt þeirra til

hliðstæðra starfa hjá hinni nýju stofnun þannig að þeir haldi núverandi ráðningarkjörum og réttindum. Annars lítur FÍN svo á að um þessa starfsmenn eigi við lög um aðilaskipti nr. 77/1993 þar sem í frumvarpinu er talað um að hin nýja stofnun taki yfir starfsemi áðurgreindra stofnana og nefnda. Félagið mun sækja rétt félagsmanna í samræmi við það.

Félagið óskar þess eindregið að mæta á fund nefndarinnar þegar fjallað verður um frumvarpið.

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga,


Ína Björg Hjálmarsdóttir
formaður FÍN


Sigurður Ásbjörnsson
varaform. umhverfisnefndar FÍN